

## Lög Foreldrafélags Kærabæjar Kirkjubæjarklaustri

1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Kærabæjar Kirkjubæjarklaustri

2. gr. Heimili félagsins og varnarþing er á Skaftárvöllum 5a, 880 Kirkjubæjarklaustri

3. gr Tilgangur félagsins er að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra leikskólabarna
- Stuðla að góðum skólaanda m.a. með því að vinna að öfluglu félagslífi í leikskólanum
- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans
- Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og foreldraráðs
- 

4. gr. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

- Skipuleggja viðburði í samstarfi við leikskólann
- Styðja og hvetja deildarfulltrúa til að efla deildaranda og foreldrasamstarf á hverri deild
- Koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál
- Veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms
- Sitja fundi með foreldraráði og skólastjórnendum um skólastarfið

5. gr. Félagsgjöld eru 500 kr. á mánuði og eru þau innheimt einu sinni á ári. Aðeins er greitt eitt gjald á heimili. Sjóðnum er ætlað að standa straum af ýmsum uppákomum s.s. leiksýningum, sumarhátíð o. fl.

6.gr. Allir þeir sem eiga börn á Leikskólanum Kærabæ hafa rétt á því að ganga í félagið ásamt starfsfólki skólans.

7.gr. Starfstímabil félagsins er leikskólaárið. Aðalfund skal halda að hausti ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Aðeins félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Lagabreytingar.
3. Árgjald félagsins fyrir komandi starfsár.
4. Kosning stjórnar.
5. Önnur mál.

8.gr. Lagabreytingar ná aðeins fram að ganga ef 1/10 félagsmanna sé mættur á aðalfundi og að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

9. gr. Stjórn félagsins skal skipuð 3 foreldrum. Að auki skal kjósa 3 varmenn, 2 hópi foreldra og einn fulltrúa úr hópi starfsfólks skólans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnin skal skipuð formanni, ritara og gjaldkera. Sami einstaklingur má gegna formennsku í 2 ár að hámarki.

Stjórnarfundir skal að jafnaði halda annan hvern mánuði en formaður boðar stjórnarmenn og varamenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir. Fundir eru opnir fyrir alla félagsmenn.

10. gr. Árgjald félagsins sem ákveðið er á aðalfundi skal innheimt í upphafi hvers starfsárs.

11. gr. Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

12. gr. Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir ef einhverjar eru til leikskólans.